

Ársfundur Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands  
Haldinn í félagsheimili TFÍ 11. júní 2010 kl.16.00

## FUNDARGERÐ

Gögn sem lágu fyrir fundinum og höfðu jafnframt verið kynnt á heimasíðu sjóðsins:

- Fundargerð ársfundar 2009.
- Tryggingafræðileg úttekt 2009.
- Ársreikningur 2009.
- Fjárfestingarstefna 2010.
- Samþykktir sjóðsins 2010.
- Tillögur um samþykktabreytingar.

Fundur settur kl. 16.10

Björn Ragnarsson, formaður sjóðsins, bauð fundarmenn velkomna og stakk upp á Guðmundi Pálssyni, tannlækni, sem fundarstjóra. Samþykkt. Einnig var samþykkt tillaga hans um Teit Jónsson, ritara stjórnar, sem fundarritara.

### 1. Skýrsla stjórnar.

Björn Ragnarsson, formaður, flutti skýrslu stjórnar og kvað reksturinn hafa gengið vel og ávöxtun orðið fádæma góða á árinu. Hrein raunávöxtun séreignardeildar sem hýsir 85% af eignum sjóðsins var 8.35% á meðan sameignardeildin var með 4,73% raunávöxtun. Verðbólga ársins var 8,6% þannig að nafnávöxtun séreignardeildar var 17,5 % og sameignardeildar 13,6%. Þetta gerir tæplega 8% raunávöxtun fyrir sjóðinn í heild. Á aðalfundi Landsamtaka lífeyrissjóða í maí 2010 kom fram að vegið meðaltal nafnávöxtunar lífeyrissjóða landsins hafi verið rétt um 9% og að teknu tilliti til verðbólgu er raunávöxtun sjóðanna rétt yfir núllinu á síðastliðnu ári.

Á síðasta ári var skipuð endurskoðunarnefnd LTFÍ samkvæmt skipun löggjafans en þar segir að “við einingu tengda almannahagsmunum skal starfa endurskoðunarnefnd.” Stjórn LTFÍ skipaði í nefndina Björn Ragnarsson, Þórólf Ólafsson og Jón Th. Hilmarsson, endurskoðanda. Hlutverk nefndarinnar er að hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila svo og virkni innra eftirlits og áhættustýringar. Ennfremur eftirlit með endurskoðun ársreiknings, mat á óhæði endurskoðanda svo og tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda til næsta árs. Nefndin hefur átt þrjá fundi frá því í janúar á þessu ári og hafa þessir þættir verið skoðaðir og gerir nefndin enga athugasemd við þessa ferla. Tillaga nefndar til stjórnar er að endurskoðandi sjóðsins verði áfram PwC, að því tilskyldu að samningur náist milli stjórnar og PwC, en samið er til eins árs í senn.

Á aðalfundi 2009 var farið yfir viðræður okkar mánuðina á undan við nokkur fjármálafyrirtæki og lífeyrissjóði um sameiningu. Ætlunin var að flytja sjóðinn frá Landsbankanum og samþykkti

aðalfundur 2009 ályktun um að stefnt skyldi að sameiningu við stærri sjóð. Fyrir séreignarsjóð eins og okkar með nánast enga örorkubyrði komu fáir sjóðir til greina. Almenni lífeyrissjóðurinn var besti kosturinn að mati stjórnar vegna slita hans við Glitni, hinir tveir voru Frjálsi í Kaupþingi og Íslenski í Landsbanka. Eftir fundahöld með forsvarsmönnum Almenna varð hinsvegar ljóst að sá sjóður ætti við meiri vanda að etja en við hvað varðar eignasafnið og að þeir stefndu í fremur slaka ávöxtun fyrir 2009. Eins þótti ljóst að óvissa fylgdi því að sameina eigur sem erfitt væri að verðleggja fyrir en jafnvel að 2-3 árum liðnum. Þá var bara eftir að biðja um samrekstur sjóðanna, en halda eignasöfnunum aðskildum. Kostnaður við það hefði hins vegar orðið alltof mikill, eða ca. 24 milljónir króna fyrsta árið og þar með vorum við komir aftur á byrjunarreit varðandi sameiningarferli.

Þá kom upp sú tillaga að lífeyrissjóðir í rekstri Landsbanka stofnuðu rekstrarfélag saman og færðu eignastýringu frá Landsbanka, en keyptu aðra þjónustu áfram frá bankanum. Að vísu yrði kostnaður meiri en hann er í dag, en alls ekki neitt vandamál. Þarna fengist algert óhæði gagnvart bankanum hvað varðar fjárfestingar og eignastýringu. Þetta mál hefur verið í biðstöðu í nokkra síðustu mánuði, en verður nú verkefni nýrrar stjórnar. Björn sagðist telja að sameining sjóðs okkar við annan væri framtíðin, en að hún yrði að bíða í einhvern tíma þar til undist hefur ofan af óvissu og flækjum sem hrunið olli. Sameining væri fyrirsjáanleg þar sem við störfuðum nú á undanþágu vegna smæðar okkar, værum langminnsti opni sjálfstæði sjóðurinn á landinu og lífeyrissjóðum fækkaði ár frá ári. Sameining í fyrra hefði hinsvegar verið skelfileg fyrir okkur og ekkert lægi enn á.

Af máli okkar og fjögurra annarra stjórna lífeyrissjóða hjá Landsbanka sem settar voru af í mars 2009 er það að segja að skipaður umsjónaraðili skilaði sjóðnum aftur 1. júlí 2009. Upphaf málsins var að Fjármálaeftirlitinu bárust rangar skýrslur frá Landsbanka um fjárfestingar vegna 1. og 2. ársfjórðungs 2008. Um mannleg mistök var að ræða hjá bankanum, sem hann viðurkenndi. Villan varð samt til þess að á fjórða tug stjórnarmanna voru settir af um tíma, en nú virðist málið sofnað og engar spurnir eru af því síðustu mánuðina.

Björn tilkynnti að lokum um þá ákvörðun sína að stíga til hliðar eftir nær aldarfjórðung við stýrið á LTFÍ. Hann þakkaði öllu því góða fólki sem hefði unnið með honum að málefnum sjóðsins og minntist sérstaklega Möllu og Rósars í Hvassaleitinu, sem kalla mætti fósturforeldra sjóðsins.

## **2. Ársreikningur 2009.**

Ólafur Gestsson, endurskoðandi hjá PwC, fór yfir helstu atriði ársreiknings 2009. Það er álit endurskoðenda að ársreikningar fyrir bæði séreigna- og sameignardeild gefi glögga mynd af afkomu sjóðsdeildanna á árinu 2009, efnahag þeirra 31.12.2009 og breytingar á handbæru fé á árinu 2009, í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur.

Í ársreikningum, bæði séreignar- og sameignardeildar, er svohljóðandi ábending: „Án þess að gera fyrirvara við álit okkar viljum við benda á skýringar nr. 4 og 5 með ársreikningnum þar sem greint er frá óvissu sem ríkir um mat á hluta verðbréfaeignar.“

## **3. Skýrsla framkvæmdastjóra.**

Halldór Kristinsson skýrði frá eignasamsetningu og ávöxtun sjóðsins á árinu 2009 og fjárfestingastefnu 2010.

Seðlabankinn lækkaði vexti úr 18% í 10% og vextir markaðsskuldabréfa og innlána lækkuðu með. Engin skref voru stigin til afnáms gjaldeyrishafta á árinu og því er mikil eftirspurn eftir innlendum skuldabréfum. Lítil sem enginn markaður er með innlend hlutabréf eftir hrun, en ICEX – 6, sem er

vísitala 6 stærstu félaganna lækkaði um 25% á árinu. Heimsvísitala hlutabréfa hækkaði hinsvegar um 31,5% á árinu í krónum.

Helstu fjárfestingar sjóðsins voru í ríkisskuldabréfum og jókst hlutfall ríkisskuldabréfa úr 30,3% í 53,9% hjá séreign og úr 40,1% í 48,6% í sameign. Innlánastaðan minnkar í kjölfarið, úr 32,7% í 21,7% í séreign og 28,2% í 27,6% í sameign. Einnig var fjárfest nokkuð í skuldabréfum sveitarfélaga; lánasjóði sveitarfélaga og Reykjavíkurborg. Fyrirtækjaskuldabréf minnkuðu úr 14% í 5-6% og framsæknar fjárfestingar niður í 5-6%.

Ríkisskuldabréf, bankainnlán og erlend hlutabréf voru þeir eignaflokkar sem skiluðu bestu ávöxtuninni á árinu.

Raunávöxtun séreignardeildar var 8,4%. Sameignardeildin var með 4,7% raunávöxtun, þá hæstu meðal þeirra 18 íslensku lífeyrissjóða sem birt hafa afkomutölur síðasta árs. Fimm ára raunávöxtun er neikvæð að meðaltali (-1,8% og -2,4%) og nafnávöxtun 2008 og 2009 neikvæð (-2,4% og -0,4%). Við mótun fjárfestingastefnu fyrir 2010 var horft til þeirra eignaflokka sem sjóðurinn getur fjárfest í, væntrar ávöxtunar þeirra og áhættu. Stærstu eignaflokkar í fjárfestingastefnunni eru innlán og ríkisskuldabréf og markmið stefnunnar til lengri tíma er 4 – 5% raunávöxtun með lítilli áhættu.

Árið 2010 fer ágætlega af stað miðað við aðstæður og ekki eru fyrirsjáanlegar neinar niðurfærslur á eignum sjóðsins. Þann 30. maí gerði sjóðurinn samkomulag við Seðlabanka Íslands um kaup á Íbúðarbréfum á ávöxtunarkröfunni 7,2% fyrir 98,8 milljónir, en þessi einstöku kaup munu hækka ávöxtun séreignardeildar um 1,3% og áfallin tryggingafræðileg staða sameignardeildar batnar um 1%.

#### **4. Tryggingafræðileg athugun.**

Bjarni Guðmundsson, tryggingastærðfræðingur, lýsti stöðu sameignardeildarinnar og lét þess getið að íslenska lífeyrissjóði sem væru jafn vel staddir mætti telja á fingrum annarrar handar. Staða sjóðsins er innan allra áskilinna marka og kallar ekki á skerðingu réttinda frekar en undanfarin ár.

Áfallnar skuldbindingar, þ.e. þær skuldbindingar sem sjóðurinn hefur tekið á sig vegna áunninna réttinda sjóðfélaga, nema 407,8 milljónum, en á móti þeim eru 397,2 milljónir í eignum. Mismunurinn er 10,6 milljónir eða -2,6% sem hlutfall af skuldbindingum. Þetta hlutfall var -8,4% fyrir ári og hefur því batnað umtalsvert, þrátt fyrir auknar lífslíkur. Skýringin á bættri stöðu er að mestu fólgin í góðri ávöxtun, en einnig hefur áhrif niðurfelling öryggisálags vegna örorkulífeyris.

Framtíðarskuldbindingar, þ.e. skuldbindingar sem munu falla á sjóðinn vegna þeirra iðgjalda sem ætlað er að berist sjóðnum frá þeim sjóðfélögum sem taldir eru virkir nema 489,9 milljónum og á móti þeim eru eignir sem reiknast 504,0 milljónir. Framtíðareignir reiknast því 2,9% umfram framtíðarskuldbindingar. Tryggingafræðileg staða heildarskuldbindinga, þ.e. samtölu áfallinna- og framtíðarskuldbindinga, er jákvæð um 0,4%.

Fundarstjóri bað um athugasemdir og umræðu um fyrstu fjóra liði dagskrárinnar.

Gunnar Þormar tók til máls og bar fram eftirfarandi spurningar og athugasemdir:

a. Erú ógreidd iðgjöld talin til eigna?

Svar Ólafs Gestssonar, endurskoðanda: Já. Ógreidd iðgjöld um áramót námu alls rúmlega 14 milljónum í báðum deildum og skýrast að mestu leyti af iðgjöldum vegna desembermánaðar 2009, sem eru eðlilega ógreidd í árslok.

- b. Hvað veldur því að sjóðfélögum hefur ekki fjölgað undanfarinn áratug, þrátt fyrir fjölgun tannlækna?

Svar Gísla Vilhjálmssonar, stjórnarmanns: Full ástæða er til að gera nú átak í fjölgun sjóðfélaga. Þar sem öldur síðustu missera hefur lægt, afkoma sjóðsins er með ágætum og sameining við aðra sjóði ekki fyrirsjáanleg á næstunni eru forsendur til að snúa vörn í sókn og kynna sjóðinn meðal yngri tannlækna, sem hafa því miður valið aðra kosti undanfarin ár.

- c. Hvað veldur auknum rekstrarkostnaði milli ára?

Svar endurskoðanda: Greiðslur til skipaðs umsjónarmanns á þriggja mánaða tímabili 2009 og greiðslur til endurskoðanda vegna aukinnar vinnu vegna útreikninga og skýrslugerðar í kjölfar bankahrunsins. Gunnar taldi ekki eðlilegt að sjóðurinn bæri kostnað vegna umsjónarmannsins, þar sem rannsóknarmenn hefðu ekki fundið neitt athugasemdir hjá sjóðnum. Tekið var undir það og athugun á greiðslum vegna umsjónarmanns vísað til stjórnar.

- d. Hreyfingalistar fengust ekki frá gamla Landsbankanum varðandi verðbrefaviðskipti sem ollu sjóðnum tugmilljóna tjóni.

Svar Halldórs Kristinssonar, framkvæmdastjóra: Allir hreyfingalistar lífeyrissjóðsins voru afhentir, en upplýsingar um breytingar á eignasöfnum undirliggjandi sjóða hafa ekki verið aðgengilegar.

Fleiri tóku ekki til máls varðandi dagskrárliði 1-4 og voru þeir því næst samþykktir.

## **5. Breytingar á samþykktum lífeyrissjóðsins.**

Björn Ragnarssonar kynnti breytingar á samþykktum sjóðsins sem í flestum tilvikum eru gerðar til samræmis við breytt lagaákvæði og hafa í för með sér breytingar á alls 12 greinum samþykktanna. Kjartan Þorbergsson gerði athugasemd við grein 8.2. varðandi val sjóðfélaga á leiðum til öflunar lágmarkstryggingaverndar og sagði að sér hefði ekki verið gefinn kostur á að velja. Björn svaraði að valkostirnir hefðu frá upphafi verið í fullu samræmi við samþykktir sjóðsins, formlega staðfestir af yfirvöldum og vel kynntir fyrir sjóðfélögum. Samþykktabreytingarnar voru síðan samþykktar í einu lagi með handauppréttingu, án mótatkvæða. Breytingarnar taka þó ekki gildi fyrr en þær hafa fengið staðfestingu fjármálaráðuneytisins.

## **6. Kosningar.**

Björn kvaðst vilja draga sig út úr stjórn lífeyrissjóðsins eins og fram hefði komið í skýrslu hans. Hann hefði nú verið formaður í 25 ár og gæti hætt sáttur að loknu einu farsælasta rekstrarári í sögu sjóðsins. Teitur Jónsson átti að ganga úr stjórn og gaf ekki kost á sér áfram.

Tillaga kom fram um tvo nýja stjórnarmenn; Hall Halldórsson og Sæmund Pálsson. Fleiri tillögur bárust ekki og voru þeir því sjálfkjörnir til þriggja ára stjórnarsetu.

## **7. Þóknun stjórnar.**

Tillaga kom fram um 10% hækkun á stjórnarlaunum. Magnús R Gíslason hreyfði hugmynd um fækkun stjórnarmanna úr fimm í þrjá í sparnaðarskygni. Stjórnarmenn töldu að stjórnarsetan væri að mestu leyti þegnskylduverk og launin fyrir hana hófleg í flestum samanburði. Ábyrgðin væri hins vegar veruleg og ekki sanngjarnt að leggja hana á aðeins þrjá stjórnarmenn.

Tillagan um þóknun stjórnar var síðan samþykkt án mótatkvæða.

## **8. Kosning endurskoðanda.**

Í samræmi við gildandi samþykktir var lögð fram tillaga um að PricewaterhouseCoopers yrðu endurskoðendur og að Bjarni Guðmundsson annaðist sem fyrr tryggingafræðilega úttekt. Samþykkt, en jafnframt er sá fyrirvari gerður að stjórn geri samning við endurskoðandann um verkefni hans.

## 9. Önnur mál.

Fundarstjóri kynnti þrjár tillögur sem höfðu borist fundinum:

- a. Aðalfundur Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands samþykkir að nafni sjóðsins skuli breytt og nýtt nafn sjóðsins verði: Lífeyrissjóður tannlækna.
- b. Aðalfundur Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands samþykkir að leggja niður séreignadeild sjóðsins og greiða út inneign sjóðsfélaga á næstu fimm árum.
- c. Aðeins einn sjóðfélagi í stað 5 starfi við sjóðinn sem tengiliður við starfsfólk Landsbanka Íslands og þess lífeyrissjóðs sem við munum líklega tengjast.

Fundarstjóri taldi tillögurnar ekki tækar til afgreiðslu á fundinum og vísaði þeim frá af eftirfarandi ástæðum:

Tillaga a. nafnbreyting felur í sér breytingu á samþykktum sjóðsins og ber því að afgreiða hana sem slíka samkvæmt 20. grein samþykktu sjóðsins.

Tillögur b. og c. stangast á við lög nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Björn Ragnarsson tók til máls varðandi breytingu á nafni lífeyrissjóðsins. Hann taldi að eftir hálftrar aldar notkun á nafninu og jafnlanga samfylgd við Tannlæknafélagið væri komin hefð á nafnið og kvaðst ekki sjá þörf á að breyta því nú.

Gunnar Þormar ræddi einnig um nafnið og taldi að sjóðurinn hefði ekki leyfi til að nota nafn félagsins. Gunnar gagnrýndi einnig að upplýsingastreymi til félagsmanna hefði ekki verið nægilegt. Gísli svaraði að á síðasta ári hefðu fleiri tilkynningar hefðu verið sendar út en áður, en alltaf mætti gera betur.

Sigurgísli Ingimarsson, þakkaði Gunnari og öðrum félagsmönnum sem hefðu í frammi athugasemdir og nauðsynlega gagnrýni á stjórnina og þakkaði fundarmönnum fyrir komuna.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl.17:59.

TJ